

ATH: SÉRT ÞÚ NEYTANDI, GETUR ÞÚ HAFT ÁKVEÐIN LAGALEG RÉTTINDI SEM EKKI ER HÆGT AÐ BREYTA MEÐ SAMNINGI. EKKERT ÁKVÆÐI Í ÞESSUM LEYFISSKILMÁLUM SKAL HAFA ÞAU ÁHRIF AÐ GETA BREYTT ÞESSUM LAGALEGU RÉTTINDUM AÐ SVO MIKLU LEYTI SEM SLÍKAR BREYTINGAR ERU GREINILEGA BANNAÐAR MEÐ ÞEIM LÖGUM SEM VIÐ EIGA. EF ÞÝÐING ÞESSARA LEYFISSKILMÁLA YFIR Á EITTHVERT ANNAÐ TUNGUMÁL ER KRAFIST MEÐ LÖGUM, SKAL ENSKA ÚTGÁFAN AF ÞESSUM LEYFISSKILMÁLUM GILDA AÐ SVO MIKLU LEYTI SEM UPP KANN AÐ KOMA ÁGREININGUR EÐA ÓSAMRÆMI Á MILLI ENSKU ÚTGÁFUNNAR OG ÞÝÐINGARINNAR Á HENNI. EF ÞESSIR LEYFISSKILMÁLAR ERU AFHENTIR ÞÉR Á ÖÐRU TUNGUMÁLI EN ENSKU, GERIR RIM ÞAÐ EINUNGIS ÞÉR TIL AUKINNAR HAGRÆÐINGAR.

BLACKBERRY ÞJÓNUSTUSAMNINGUR FYRIR SÉRFRÆÐINOTANDA

Research In Motion Limited eða eitt af tengdum fyrirtækjum þess (“RIM”) hefur þá ánægju að setja á markað fyrir þig:

“BlackBerry Prosumer Services” er þjónusta sem er hönnuð og boðin fram af RIM til að gefa viðskiptavinum RIM kost á ákveðnum aðgerðum sem er boðið upp á af RIM’s BlackBerry einka-þjóns hugbúnaði án þess að viðskiptavinir RIM þurfi að verða sér út um slíkan þjónustuhugbúnað. BlackBerry þjónusta fyrir sérfræðinotendur (prosumer) felur í sér RIM “BlackBerry Internet Service” netþjónustu. Netþjónusta BlackBerry gerir áskrifendum kleyft að: (a) samhæfa vissa ISP eða aðra tölvupóstreikninga þriðja aðila til þess að þeir geti afhent gögn inn í lófataeki þitt; (b) stofna netfang fyrir lófataeki þitt; og (c) stofna aðgang að ýmsu efni á netinu og netþjónustu. Tölvupóstaðgerðirnar sem fylgja BlackBerry Netþjónustunni ganga einnig undir nafninu “MyEmail”, “BlackBerry Internet Mail” og/eða undir vöruheitum sem er einkennandi fyrir síma- og netþjónustufyrirtæki (Airtime Service Provider). Öll eða einhver hluti af BlackBerry sérfræðinotendapjónustunni getur verið óstudd af síma- og netþjónustu þinni. Vinsamlegast hafðu samband við síma- og netþjónustufyrirtæki þitt til að kanna aðgengileika.

BLACKBERRY ÞJÓNUSTA FYRIR SÉRFRÆÐINOTENDUR ER BOÐIN ÞÉR SEM “ÞJÓNUSTA” SEM MYNDAR HLUTA AF “BLACKBERRY HUGBÚNAÐARLAUSN ÞINNI” MEÐ ÞEIM SKILMÁLUM SEM GILDA UM STAÐLAÐAN RIM OG BLACKBERRY HUGBÚNAÐARLEYFISSAMNING (“BBSLA”) MEÐ ÞEIM BREYTINGUM SEM ERU Í ÞESSUM VIÐAUKA. SAMEIGINLEGA ER VÍSAÐ Í ÞENNAN VIÐAUKA OG BBSLA SEM “SAMNING” FYRIR BLACKBERRY ÞJÓNUSTU FYRIR SÉRFRÆÐINOTENDUR OG ÞANN HUGBÚNAÐ SEM ÞÚ NOTAR Í TENGLUM VIÐ ÞESSA ÞJÓNUSTU. Nema það sé sérstaklega tekið fram hér, skulu öll hugtök sem eru með hástöfum í þessu skjali hafa þá merkingu sem gefin er slíkum hugtökum sem eru með hástöfum í BBSLA. BBSLA ER AÐGENGILEGUR Á HEIMASÍÐU ÞEIRRAR SÍMA- OG NETÞJÓNUSTU SEM BÝÐUR UPP Á BLACKBERRY ÞJÓNUSTU FYRIR SÉRFRÆÐINOTENDUR ÁSAMT ÞESSUM VIÐAUKA. EF ÞÚ HEFUR NÝLEGA EIGNAST BLACKBERRY LÓFATÆKI ÞITT, ER NÚGILDANDI ÚTGÁFA BBSLA SÁ HUGBÚNAÐARSAMNINGUR SEM ÞÚ VARÐST AÐ SAMÞYKKJATIL ÞESS AÐ GETA NOTAÐ BLACKBERRY LÓFATÆKI ÞITT. EF ÞÚ FINNUR EKKI NÚGILDANDI ÚTGÁFU AF BBSLA AF EINHVERJUM ÁSTÆÐUM, MÁ NÁLGAST SAMNINGINN Á WWW.BLACKBERRY.COM/LEGAL EÐA MEÐ ÞVÍ AÐ HAFA SAMBAND VIÐ RIM Á LEGALINFO@RIM.COM. EF ÞÚ HEFUR EINHVERJAR SPURNINGAR FRAM AÐ FÆRA EÐA FYRIRSPURNIR VARÐANDI SKILMÁLA SAMNINGS ÞESSA, VINSAMLEGAST HAFÐU SAMBAND VIÐ RIM Á LEGALINFO@RIM.COM.

MEÐ ÞVÍ AÐ SAMÞYKKJA ÞESSA LEYFISSKILMÁLA MEÐ ÞVÍ AÐ ÝTA Á “ÉG SAMÞYKKI” HÉR AÐ NEÐAN, SAMÞYKKIR ÞÚ SEM EINSTAKLINGUR, EÐA SEM UMBOÐSHAFI MEÐ UMBOÐ TIL ÞESS AÐ NÁLGAST ÞJÓNUSTU FYRIR SÉRFRÆÐINOTENDUR FYRIR HÖND FYRIRTÆKIS ÞÍNS EÐA ANNARRA SAMTAKA, OG ÞEIR AÐILAR SEM ÞÚ ERT FULLTRÚI FYRIR (Í BÁÐUM TILVIKUM “ÞÚ”), AÐ VERA BUNDINN AF ÞESSUM SAMNINGI. VINSAMLEGAST ATHUGIÐ AÐ ÞÚ VERÐUR AÐ VERA ORÐINN LÖGRÁÐA SAMKVÆMT ÞEIM LÖGUM SEM GILDA Í ÞÍNU LANDI TIL ÞESS AÐ SAMÞYKKJA SAMNING ÞENNAN. EF ÞÚ ERT EKKI LÖGRÁÐA, VERÐUR LÖGRÁÐAMAÐUR ÞINN AÐ SAMÞYKKJA ÞENNAN SAMNING OG LEYFA NOKTUN ÞÍNA Á BLACKBERRY ÞJÓNUSTU FYRIR SÉRFRÆÐINOTENDUR SEM “VIÐURKENNDS NOTANDA” TIL ÞESS AÐ ÞÚ GETIR NÝTT ÞÉR BLACKBERRY SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTUNA.

EF ÞÚ ÁKVEÐUR ÁÐUR EN ÞÚ VIRKJAR EÐA NOTAR BLACKBERRY ÞJÓNUSTU FYRIR SÉRFRÆÐINOTENDUR, AÐ ÞÚ VILJIR EKKI SAMÞYKKJA SKILMÁLA SAMNINGS ÞESSA, ÞÁ HEFUR ÞÚ ENGAN RÉTT TIL AÐ NOTA ÞESSA ÞJÓNUSTU, EÐA AÐ NOTA NOKKURN “HUGBÚNAÐ” Í TENGLUM VIÐ ÞESSA ÞJÓNUSTU.

SÉRSKILMÁLAR FYRIR BLACKBERRY ÞJÓNUSTU FYRIR SÉRFRÆÐINOTENDUR

1. **Skilgreining á “Þjónustu”.** Til þess að taka af allan vafa, er BlackBerry Prosumer Services/Þjónusta fyrir sérfræðinotendur sem boðið er upp á hér að neðan þjónusta sem myndar hluta af BlackBerry hugbúnaðarlausn þinni samkvæmt BBSLA.

2. **Síma- og netþjónusta.** BlackBerry þjónusta fyrir sérfræðinotendur verður að njóta stuðnings síma- og netþjónustufyrirtækis þíns og þú verður að hafa gildandi samning við síma- og netþjónustufyrirtæki fyrir þessa þjónustu. Þú borgar ekki neitt fyrir BlackBerry sérfræðiþjónustu til RIM; allar greiðslur fara til síma- og netþjónustufyrirtækis þíns fyrir BlackBerry sérfræðiþjónustu. Vinsamlegast hafðu samband við síma- og netþjónustufyrirtækið til að fá stuðning, þar sem RIM styður lokanotendur ekki beint.

3. **Óleyfileg notkun.** Þú verður að tilkynna RIM strax um alla óleyfilega notkun á BlackBerry sérfræðiþjónustunni. Þú samþykkir einnig að þú munir ekki trufla starfsemi BlackBerry þjónustu fyrir sérfræðinotendur, verða þér út um aðgangsorð annars lokanotanda, eða haga þér á annan hátt sem truflar notkun annarra endanotenda á BlackBerry sérfræðiþjónustunni.

4. **Takmarkanir á notkun/Breytingar á BlackBerry þjónustu fyrir sérfræðinotendur.** Þú samþykkir að RIM geti, án bótaábyrgðar gagnvart þér, komið á fót og/eða gert breytingar til að takmarka notkun þína á BlackBerry sérfræðiþjónustunni og geti gert breytingar á BlackBerry sérfræðiþjónustunni þar með taldar breytingar sem takmarka efnislega eða draga úr öllum þeim aðgerðum sem eru í núverandi BlackBerry þjónustu fyrir sérfræðinotendur. Ef æskilegt er, mun RIM nota viðskiptalega ásættanlegar leiðir til að tilkynna notendum um þessar takmarkanir og breytingar á þjónustunni, á BlackBerry sérfræðiþjónustu heimasíðunni eða á annan hátt koma til þín tilkynningu samkvæmt BBSLA. Þú samþykkir að virða þessar takmarkanir sem skilyrði fyrir áframhaldandi aðgangi þínum að BlackBerry þjónustu fyrir sérfræðinotendur.

5. **Týnt/Stolið/Flutt lófataeki.** Einstakt auðkennisnúmer fyrir Lófataeki þitt er notað til að tengja netfang þitt við lófataekið og til að beina tölvupósti og öðrum gögnum yfir í það lófataeki. Ef þú týnir lófataeki þínu eða ef því er stolið, eða ef þú flytur lófataeki þitt yfir til þriðja aðila (eins og leyft er samkvæmt BBSLA og samkvæmt samningi þínum við síma- og netþjónustufyrirtæki), verður þú að fara á heimasíðu BlackBerry sérfræðiþjónustunnar og aftengja strax netfang þitt frá því lófataeki sem um ræðir.

6. **Kröfur um afritun/eyðingu gagna.** Nema að því leyti sem það er greinilega bannað með þeim lögum sem við eiga, ber RIM enga bótaábyrgð fyrir neitt af þeim gögnum sem eru send yfir í lófataeki þitt. RIM mælir með því að þú takir reglulega afrit af öllum tölvupósti, innihaldi, og/eða öðrum gögnum sem eru geymd á lófataeki þínu, þar sem slík gögn eru ekki varðveitt af RIM. Ef þú flytur lófataeki þitt (eins og leyft er samkvæmt BBSLA), verður þú að eyða öllum upplýsingum út af lófataeki þínu, og fjarlægja allt stækkanlegt minni, annars verða öll gögnin aðgengileg þeim aðila sem eignast lófataekið.

7. **Ólögleg eða óviðeigandi notkun.** Eins og frekar er tilgreint í BBSLA, skal ekki nota BlackBerry þjónustu fyrir sérfræðinotendur eða nokkurn annan hluta af BlackBerry hugbúnaðarlausn þinni í neinum ólöglegum eða óviðeigandi tilgangi, þar með talið án takmarkana, til að beita blekkingum, afla persónulegra upplýsinga, senda óæskilegan tölvupóst, valda ónæði eða virða ekki höfundarrétt. Þú ert ábyrgur fyrir því að farið sé eftir öllum þeim lögum sem við eiga og reglugerðum þegar þú notar BlackBerry sérfræðiþjónustuna. Ef BlackBerry þjónusta fyrir sérfræðinotendur er notuð á þann hátt sem er talinn af RIM brjóta þennan samning, getur RIM eða fulltrúi þess, en er ekki skuldbundið til, að grípa til allra þeirra aðgerða sem viðeigandi þykja. Slíkar aðgerðir geta falið í sér, en

takmarkast ekki við, það að innihald er tímabundið eða varanlega fjarlæggt, lokun á sér stað eða lokun að hluta á netsamskiptum og umsvifalaus afturköllun á sér stað eða uppsögn allrar eða hluta af BlackBerry þjónustu fyrir sérfræðinotendur og uppsögn á þessum samningi. RIM skal ekki vera bótaskyld á neinn hátt vegna nokkurra slíkra viðbragðsaðgerða. Þær aðgerðir sem lýst er hér að ofan eru ekki einu aðgerðirnar sem RIM getur gripið til og RIM má gripa til allra annarra löglegra, jafnræðislegra og tæknilegra aðgerða sem það telur við hæfi.

8. “EINS OG HANN ER” og “SEM FÁANLEGUR” og ekki fyrir lífsnauðsynlegar aðgerðir. Ólíkt því sem gildir um BlackBerry Enterprise Software, dulkóðar BlackBerry þjónusta fyrir sérfræðinotendur ekki gagnaflutninga. Eins og er frekar skilgreint í BBSLA, eru þráðlausar tengingar og þjónusta ekki villulausar og það skal aldrei nota þær fyrir lífsnauðsynlegar aðgerðir eða fyrir forrit sem þurfa villulausar stýringar; og að því marki sem er leyft samkvæmt viðeigandi lögum, og eins og er frekar útskýrt í BBSLA, er boðið upp á the BlackBerry þjónustu fyrir sérfræðinotendur “EINS OG HÚN ER” og “SEM FÁANLEGA”. RIM getur ekki og tryggir ekki að BlackBerry sérfræðipjónustan séu stöðugt til reiðu, án truflunar, skjót, örugg eða villulaus. RIM áskilur sér rétt til að framkvæma viðhald eða á annan hátt að takmarka aðgang að BlackBerry sérfræðipjónustunni til að geta reglulega lagað vírusvarnir, uppfært kerfið og framkvæmt greiningar og viðhald á BlackBerry sérfræðipjónustunni, sem mun takmarka möguleika RIM á því að bjóða upp á BlackBerry þjónustu fyrir sérfræðinotendur yfir ákveðið tímabil.

9. Vefsíður þriðja aðila, hugbúnaður, þjónusta og innihald. Þú viðurkennir og samþykkir að BlackBerry þjónusta fyrir sérfræðinotendur geri þér kleyft að fá aðgang að innihaldi þriðja aðila, vefsíðum þriðja aðila, hugbúnaði þriðja aðila og þjónustu þriðja aðila, þ.m.t. án takmarkana allar þær netþjónustur þriðja aðila sem þú færð aðgang að með því að nota BlackBerry sérfræðipjónustuna. Eins og er skilgreint enn frekar í BBSLA, viðurkennir þú og samþykkir að RIM beri enga ábyrgð á innihaldi þriðja aðila, vefsíðum þriðja aðila, hugbúnaði þriðja aðila eða þjónustu þriðja aðila sem þú færð aðgang að eða getur öðlast með því að nota BlackBerry þjónustu fyrir sérfræðinotendur, og að þú berir ábyrgð á öllum þeim samningum sem þú kannt að gera á netinu. Alltaf skal gæta varúðar þegar verið er að gefa upp persónulegar upplýsingar gagnvart þriðja aðila sem þú hefur samband við þegar þú ert að nota BlackBerry þjónustu fyrir sérfræðinotendur.

10. Samþykki þitt til þess að safnað sé persónulegum upplýsingum. Að auki við þau ákvæði sem eiga við um söfnun persónuupplýsinga í BBSLA, leyfir þú RIM að safna, nota og geyma persónuupplýsingar þínar er varða netþjónustu frá þriðja aðila svo lengi sem RIM telur það nauðsynlegt (en ekki lengur en er leyft með viðeigandi lögum), þar með talið án takmarkana, auðkenni þitt og aðgangsorð fyrir sérhvern reikning sem þú hefur hjá netþjónustu þriðja aðila, og að leyft skuli að koma þessum sömu upplýsingum til viðeigandi netþjónustu þriðja aðila til þess að hægt sé að virkja netfangið, rukka, bjóða fram þjónustu, viðhalda og aftengja netfangi.

11. Ágreiningur. Ef einhverjir skilmálar og skilyrði þessa viðauka samræmast ekki skilmálum og skilyrðum BBSLA eða einhvers annars viðauka eða viðbóta við BBSLA, skulu þessir skilmálar og skilyrði gilda upp að því marki sem ekki er um að ræða ósamræmi, en einungis eins og við á um BlackBerry þjónustu fyrir sérfræðinotendur.

Ég hef kynnt mér innihald samnings þessa, þ.m.t. þessa viðauka og BBSLA og ég er tilbúin(n) og hef umboð til að gangast undir samning varðandi BlackBerry þjónustu fyrir sérfræðinotendur með þeim skilmálum og skilyrðum sem sett eru fram í þessum viðauka og í BBSLA.